



Fundargerð		
Yfirskrift / efni:	1. fundur stjórnar KLÍ 2024-2025	
Staðsetning:	ÍSí	
Hvenær:	26.05.2025	
Þátttakendur:	Valgerður Rún Benediksdóttir (VRB) Jóhann Ágúst Jóhannsson (JÁJ) Gunnar Þór Ásgeirsson (GPÁ) Ársæll Rafn Erlingsson (ÁRE) Guðmundur Sigurðsson (GS) Helga Hákonardóttir (HH) Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP)	Formaður Varamaður Gjaldkeri Ritari Meðstjórnandi Fyrsti varamaður Framkvæmda- og íþróttastjóri
Boðuð forföll:		
Fjarverandi:		
Fundarritari:	VRB	

Verkaskipting stjórnar, vinnulag og samskipti

- Samskipti*
 - Rætt um mikilvægi uppbyggilegra samskipta og að horfa til framtíðar um verkefni KLÍ, ekki til fortíðar um gömul ágreiningsmál.
- Verkaskipting stjórnarmeðlima*
 - Stjórn ákvað eftirfarandi verkaskiptingu:
(1) JÁJ er varaformaður, GPÁ er gjaldkeri, ÁRE er ritari og GS er meðstjórnandi.
- Umgjörð um stjórn og stjórnarfundi*
 - Samskipti stjórnar milli funda fara fram í gegnum facebook síðu stjórnar.
 - Gögn formlega geymd á ONE drive stjórnar.
 - Fastur fundartími annan miðvikudag í mánuði klukkan 17. VRB sendir tillögu að fyrsta reglulega fundi eftir sumarleyfi.
- Aðkoma varamanna*
 - Varamenn verða boðaðir á alla stjórnarfundi en þátttaka þeirra er valkvæð ef aðalstjórn mætir öll til fundar.
- Uppfærsla á vefsíðu eftir ársþing, aðgangur að gögnum, netföng o.s.fv.*
 - ÞMP falið eftirfarandi:
 - Uppfæra heimasíðu KLÍ varðandi upplýsingar um stjórn
 - Láta útbúa KLÍ netfang fyrir formann
 - Veita stjórn aðgang að ONE drive

Skipan lögbundinna nefndar

Í lögum KLÍ eru nefndar þrjár nefndir, aganefnd, mótanefnd og dómaranefnd. Þær hafa ekki allar verið starfandi um nokkurt skeið. Rætt að nefndarskipulagið þarfnist endurskoðunar en að mikilvægt sé að skipa strax í tækninefnd.

Eftirfarandi ákveðið:

- GS verður formaður tækninefndar. ÞMP falið að óska eftir tilnefningum frá félögum í önnur sæti í tækninefnd.
- VRB og JÁJ leiði endurskoðun á nefndum og nefndarstarfi. Komi með tillögum að nauðsynlegum laga- og reglugerðarbreytingum.

3) ÞMP falið að skoða hvort að það séu örugglega nýjustu reglugerðir á heimasíðu KLÍ

Afgreiðsla tillagna ársþings

a) Tillaga ársþings um breytingar á reglum um rétt til verðlauna

VRB gerir tillögur að nauðsynlegri reglugerðarbreytingu í samræmi við ályktun landsþings

b) Tillaga ársþings um breytingar á reglum um vensl

Markmið fyrri breytinga á reglum um vensl kvenna við karlalið var að auka möguleika kvenna til að fá fleiri krefjandi leiki og vera með fleiri möguleika til að fjölga konum í keilu. Ljóst miðað við umræðu á ársþingi að skiptar skoðanir eru á þeirri útfærslu sem nú er í gildi. Einnig var rætt hvort að rétt væri að konur gætu tekið þátt í bikarkeppni með karlaliði og nauðsynlegt væri að fá afstöðu ÍSÍ til þess hvort að það sé heimilt. Stjórn leggur áherslu á að horft verði á tilgang og markmið venslareglna og nýjar reglur mótaðar út frá því.

JÁJ leiðir skipulag vinnufundar með félögunum til að fá fram afstöðu þeirra til breytinga á vensla-reglum sbr. umræður á ársþingi og í stjórn.

Vinnustofa um áherslur keilusamfélagsins?

VRB hefur áhuga á að skipuleggja vinnustofu fyrir keilusamfélagið til að fá fram stefnumörkun til framtíðar og forgangsmál næstu ára. Rætt um mikilvægi þess að skipuleggja slíka vinnustofu vel þannig að út úr henni komi raunhæfar niðurstöður.

VRB og ÁRE falið að þróa málið áfram og koma með hugmyndir til stjórnar.

Fréttaflutningur af landsliðsverkefnum sumarsins

Rætt hvernig besta væri að haga fréttáflutningi og upplýsingagjöf af landsliðsverkefnum sumarsins. Nauðsynlegt sé að skýra hvaða upplýsingar kalla á frétt á heimasíðu og hvað séu upplýsingar sem deila eigi á samfélagsmiðlum KLÍ. Einnig þurfi að taka afstöðu til þess hver ber ábyrgð á að deila upplýsingum og skrifa fréttir. Hver sé t.d. ábyrgð liðsstjóra í þeim efnum og hver sé ábyrgð framkvæmdastjóra.

Erindi frá lögmanni Þorleifs Jóns Hreiðarsson vegna landsliðsvals

VRB falið að semja drög að svari í samráði við landsliðsþjálfara sem annast val í landslið KLÍ.

Fundur formanna norrænu keilusambandanna

Fundur formanna norrænu keilusambandanna er í Álaborg. Búið var að panta flugfar fyrir fyrri formann en stjórn telur eðlilegt að nýr formaður fari á fundinn.

ÞMP falið að ganga frá nauðsynlegum formsatriðum og bóka ferðina fyrir VRB.

Önnur mál

Á ársþingi kom fram fyrirspurn til þáverandi formanns um birtingu fundargerða stjórnar. Þáverandi formaður upplýsti að hún myndi klára það mál áður en hún stigi frá. Rætt á fundinum hvort að núverandi stjórn ætti að taka ákvörðun um að birta þær. Niðurstaðan að gera það ekki. Einnig rætt hvort að birta ætti fundargerðir stjórnar yfir höfuð en niðurstaðan að gera það sem fremi að í þeim sé ekki að finna umfjöllun um viðkvæm málefni einstaklinga, sér í lagi barna- og ungmenna.